

**Ed.**

**942. Lög**

um einkaleyfi til að vinna málningu úr íslenskum hráefnum.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 616.

3. Við 4. gr. Á eftir greininni komi nýr málslíður:

Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefir hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

4. Við 5. gr. Á eftir 3. málslíð („... reka þau“) komi:

Á sama hátt hefir ríkisstjórnin heimild til, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, að svipta umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur, sem hér kunna að hafa fengið leyfi til að starfa, þessu starfsleyfi, ef þeir brjóta settar reglur í verulegum atriðum.

## **Ed. 944. Frumvarp til laga**

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og skal hún starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlesturum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu. Ferðaskrifstofa ríkisins hefir með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Heimilt er þó ráðherra að leyfa erlendum ferðaskrifstofum, sem áður hafa starfað hér á landi, að hafa umboðsmenn hér á landi, og setur hann reglur um starfssvið þeirra og eftirlit með starfsemi þeirra. Leyfi þetta skal veitt um ákveðið tímabil, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn.

### **2. gr.**

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

### **3. gr.**

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska, sé veittur hverskonar fararbeiði.

### **4. gr.**

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gistihúsum, veitingahúsum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver

liður gjaldskráanna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veitingahúsa og eigendur fólksflutningsbifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út. Nú virðist Ferðaskrifstofu ríkisins akstur með ferðamenn skiptast ójafnt milli fólksflutningastöðva, og hefir hún þá rétt til að setja reglur um skiptingu akstursins milli þeirra, enda komi samþykki ráðherra til.

#### 5. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsum og veitingahúsum, þrúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veitingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau. Á sama hátt hefir ríkisstjórnin heimild til, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, að svipta umboðsmenn fyrir erlendar ferðaskrifstofur, sem hér kunna að hafa fengið leyfi til að starfa, þessu starfsleyfi, ef þeir brjóta settar reglur í verulegum atriðum.

#### 6. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.

#### 7. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

#### 8. gr.

Skytt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í áætlunarbifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða ber, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 7. gr.

#### 9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100—1000 króna, nema þyngri refsingar liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed.**

### 945. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 899 [Skipulag á fólksflutningum með bifreiðum]

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 2. lið. Meginmál tillögunnar orðist þannig:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 6 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa þrjá samkv. reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.

**Sþ.**

### 946. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1936 og við brtt. á þskj. 934.

#### I. Frá atvinnumálaráðherra.

##### 1. Við 13. gr. B. 1. b. (Eimskip).

Fyrir „150000“ kemur ..... 180000

Aftan við athugasemdina bætist: og greiði á árinu eftirstöðvar af skuld sinni við ríkissjóð vegna kaupa á Selfossi.

##### 2. Við 21. gr. Inn. IV. (Andvirði seldra eigna).

Fyrir „125000“ kemur ..... 155000

#### II. Frá Péttri Ottesen.

Við brtt. 934. (Nýr liður við 22. gr. V. Sala eða leiga á varðskipum).

Aftan við liðinn bætist:

enda bíði landhelgisgæzlan ekki hnekki við breytinguna.

**Nd.**

### 947. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

#### 1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slikt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

Póstmálastjórninni er heimilt að nota eigin bifreiðar á þeim leiðum, er henni þykir henta, enda fullnægi bifreiðar hennar settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga endrum og sinnum með bifreiðum, sem skráðar eru til vöruflutninga, enda sé umbúnaður þeirra til öryggis og þæginda farþegum samkvæmt reglum, er ráðherra setur, og hafi bifreiðarstjóri þeirra rétt til að stýra leigubifreið til fólksflutninga.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Ennfremur er póstmálastjórninni heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningsferðir endrum og sinnum á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir, hópferðir o. þ. l.

Sérleyfi skal eigi veitt til fastra áætlunarferða á heildarleiðum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir, Reykjavík--Reykjanesviti, og á sunnudögum Reykjavík--Þingvellir, en þó má veita sérleyfi á einstökum hlutum þessara leiða. Ráðherra getur ákveðið fargjöld á þessum leiðum. Veitt sérleyfi, sem kunna að koma í bága við ákvæði þessarar greinar, skulu hreyfast til samræmis við hana. Þó mega fólksflutningsbifreiðar, sem rúma fleiri en 6 farþega, eigi hafa fastar áætlunarferðir til Þingvalla á sunnudögum, nema þeirra manna, sem sérleyfi hafa á þeirri leið aðra daga vikunnar.

## 2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Til þess að gera tillögur til póstmálastjórnarinnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum skal vera 6 manna nefnd, er sé þannig skipuð: Atvinnumálaráðherra skipar tvo, og skal annar þeirra vera formaður, Alþýðusamband Íslands einn, og sérleyfishafar kjósa þrjá samkv. reglum, er atvinnumálaráðherra setur. Nefndin skal kosin og skipuð til eins árs í senn, og í fyrsta sinn þegar lög þessi öðlast gildi.

## 3. gr.

g-liður 5. gr. laganna orðist svo:

að bifreiðarstjórar á bifreiðum, er lög þessi ná til, fullnægi skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um æfingu við akstur o. fl. til öryggis farþegum.

## 4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verði 8. gr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 2. gr. þessara laga.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ed. 948. Lög**

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 944.

**Ed. 949. Lög**

um verzlun með kartöflur og aðra garðávexti o. fl

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 939.

**Ed. 950. Lög**

um viðauka við lög nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 931.

**Ed. 951. Lög**

um samþykkt á landsreikningnum 1933.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 500.

**Nd. 952. Lög**

um breyting á lögum nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 947.

**Sp.**

**953. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þskj. 895 (Fjárlög).

Frá Páli Hermannssyni.

Tillagan orðist svo:

Við 5. lið. (Við 13. gr. A. XI.). Aftan við greinina bætist:

Þar af til Sigurðar Kristjánssonar á Grimsstöðum á Fjöllum og Jóns A. Stefánssonar í Möðrudal 300 kr. til hvors.

Sp.

## 954. Fjárlög

fyrir árið 1936.

(Afgreidd frá Sp. 21. des.).

### I. KAFLI.

#### Tekjur:

##### 1. gr.

Árið 1936 er ætlað til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

##### 2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur...	380000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur..	1550000	
3. Hátekjuskattur ..	200000	
4. Lestagjald af skipum .	50000	
		2180000
5. Aukatekjur ...	620000	
6. Erfðafjárskattur...	50000	
7. Vitagjald ..	470000	
8. Leyfisbréfagjöld ...	25000	
9. Stimpilgjald ..	500000	
10. Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum ...	100000	
11. Bifreiðaskattur ...	370000	
12. Benzínskattur ...	250000	
		2385000
13. Útflutningsgjald ..	700000	
14. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vin, ávaxtasafi og gosdrykkir)..	1000000	
Flyt ...	1700000	4565000



	kr.	kr.
Flutt ...	1700000	4565000
15. Tóbakstollur .. ... ..	1200000	
16. Kaffi- og sykurtollur .. ..	900000	
17. Annað aðflutningsgjald ... ..	80000	
18. Vörutollur ... ..	1250000	
19. Verðtollur ... ..	1000000	
20. Gjald af innfluttum vörum ... ..	750000	6880000
21. Gjald af innlendum tollvörum ... ..		400000
22. Skemmtanaskattur ... ..		120000
23. Veitingaskattur ... ..		100000
Samtals ...	...	12065000

3. gr.

A.		kr.	kr.
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:			
1.	Rekstrarhagnaður póstsjóðs ... ..	53860	
2.	— landssímans ... ..	473000	
3.	— áfengisverzlunar ... ..	1200000	
4.	— tóbakseinkasölu ... ..	600000	
5.	— ríkisútvarps ... ..	87000	
6.	— ríkisprentsmiðju ... ..	60000	
7.	— landssmiðju ... ..	10000	
8.	— Vífilstaðabús ... ..	5000	
9.	— Kleppsbús .. ..	5000	
10.	— Reykjabús .. ..	4000	
11.	— bílaeinkasölu ... ..	75000	
12.	— raftækjaverzlunar ... ..	50000	
	Samtals ...	...	2622860
Sundurliðun.			
1. Póstsjóður.			
I.	Tekjur ... ..		650000
II. Gjöld:			
1. Laun:			
	a. Eftir launalögum ... ..	100000	
	Flyt ...	100000	650000

		kr.	kr.
	Flutt ...	100000	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur		75000	650000
c. Bréfhirðingamenn ... ..		23000	
			198000
2. Póstflutningar ... ..			250000
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík, eftir reikningi ... ..		22500	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur ... ..		28500	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum ... ..		13000	
d. Önnur gjöld ... ..		80000	
e. Fyrning húsa (sjá 20. gr.) ... ..		4140	
			148140
			596140
	Fært á 3. gr. A. I. 1		53860
	2. Landssiminn.		
I. Tekjur ... ..			2070000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum ... ..			10000
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.:			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímanna ... ..		70000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík ... ..		175000	
3. Loftskýtastöðin í Reykjavík ... ..		35000	
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík ... ..		50000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði		500000	
6. Áhaldahúsið.. ... ..		15000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri ... ..		50000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ... ..		60000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði ... ..		33000	
10. Símastöðin á Borðeyri ... ..		16000	
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum ... ..		30000	
12. Símastöðin á Siglufirði ... ..		30000	
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva		130000	
			1194000
	Flyt ...	1204000	2070000

	kr.	kr.
Flutt ...	1204000	2070000
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum sem verið hefir, önnur en samtalauppbót, er greiðist eftir reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar, enda fær-ist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.		
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ... ..	55000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna ... ..	50000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc. ... ..	10000	
f. Viðhald landssímanna... ..	220000	
g. Framhaldsgjald ... ..	23000	
h. Til kennslu handa símamönnum ... ..	2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern ... ..	3000	
j. Yms gjöld ... ..	5000	
k. Fyrning á húsum og áhöldum... ..	25000	
		1597000
Fært á 3. gr. A. I. 2	... ..	473000
Eignabreytingar.		
Út.		
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.		210000
II. Til viðauka simakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		45000
III. Til nýrra símalína ... ..		50000
að því tilskildu, að samkomulag náist við héruð, er hlut eiga að máli.		
Fært á 20. gr. Út I. 2. a og II. 1	... ..	305000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) ... ..		1365000
II. Gjöld:		
Laun starfsmanna og vinnulaun ... ..	98500	
Útsvar og flutningsgjöld ... ..	35000	
Húsaleiga, ljós, hiti ... ..	6000	
Annar kostnaður ... ..	18000	
Fyrning á fasteign og áhöldum ... ..	7500	
		165000
Fært á 3. gr. A. I. 3	... ..	1200000

	kr.	kr.
4. Tóbakseinkasalan.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) ... ..		785000
II. Gjöld:		
Rekstrarkostnaður ... ..	140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl. ... ..	45000	
		185000
Fært á 3. gr. A. I. 4	... ..	600000
5. Ríkisútværpið.		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld ... ..	330000	
b. Ágóði viðtækjaverzlunar ... ..	75000	
c. Aðrar tekjur ... ..	40000	
d. Tekjur af viðgerðarstofu ... ..	30000	
		475000
II. Gjöld:		
a. Starfræksla:		
1. Starfsmannalaun ... ..	137000	
2. Útvarpsefni (1000 kr. á viku 52 vikur) ... ..	52000	
3. Skrifstofukostnaður ... ..	42000	
4. Húsaleiga, ljós, hiti ... ..	27000	
5. Útvarpsstöðin á Vatnsenda ... ..	45000	
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum ... ..	20000	
7. Óviss útgjöld ... ..	15000	
	338000	
h. Afborgun og vextir ... ..	21000	
c. Fyrning á húsi og vélum ... ..	29000	
		388000
Fært á 3. gr. A. I. 5	... ..	87000
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:		
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs ... ..		20000
Flyt ...	... ..	20000

	kr.	kr.
Flutt ...	...	20000
2. Arnarhvoll:		
a. Tekjur ... ..	60000	
b. Gjöld:		
1. Vextir (6,2% af 350000) ... ..	21700	
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður ... ..	30000	
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.) ... ..	3650	
	55350	
		4650
Samtals ..	...	24650

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum ...		20000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af þrem millj.		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1410000		84600
4. Aðrir vextir ... ..		230875
Samtals ...	...	515475

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

## II. KAFLI.

### Gjöld:

#### 6. gr.

Árið 1936 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

#### 7. gr.

Vextir af lánum rikissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán... ..		180700
2. Dönsk lán ... ..		82300
3. Ensk lán ... ..		1215500
4. Vextir af lausaskuldum ... ..		80000
Samtals ... ..	... ..	1558500

#### 8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins ... ..		60000

#### 9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar ... ..		245000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga ... ..		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.) ... ..		2170
Samtals ... ..	... ..	250920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

	kr.	kr.
<b>I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.</b>		
1. Til ráðherra:		
a. Laun ... .. 30000		
b. Til risnu ... .. 6000		
	36000	
2. Til utanferða ráðherra ... .. 6000	6000	
3. Laun starfsmanna stjórnarráðsins ... .. 88000	88000	
4. Annar kostnaður ... .. 65000	65000	
5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum ... .. 38000	38000	
6. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga ... .. 4000	4000	
7. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. 700	700	
b. Til pappírs og prentunar ... .. 20000	20000	
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum 1000	1000	
	21700	
8. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans 10000	10000	
9. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.) ... .. 2046	2046	
		270746
<b>II. Hagstofan:</b>		
1. Laun ... .. 11000	11000	
2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna ... .. 14000	14000	
3. Prentun eyðublaða ... .. 2000	2000	
4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m. ... .. 6000	6000	
5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður ... .. 25000	25000	
		58000
<b>III. Utanríkismál o. fl.</b>		
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
a. Laun sendiherra ... .. 10000	10000	
b. Húsaleiga ... .. 7000	7000	
c. Kostnaður við embættið ... .. 25000	25000	
d. Til skrifstofuhalds ... .. 20000	20000	
	62000	
Flyt ...	62000	328746